

Aðgerðir íslenskra stjórnvalda vegna áhrifa COVID 19

31. mars 2020



Aðgerðir íslenskra stjórnvalda vegna COVID 19

Umbætur á erfiðum tíma

Heimsfaraldur COVID 19 hefur nú þegar haft og mun hafa enn frekari afleiðingar á heimsbyggðina. Fyrirsjáanlegt er að faraldurinn hafi neikvæð áhrif á íslenskt atvinnu- og efnahagslíf, um lengri eða skemmri tíma. Stjórnvöld hafa unnið að og eru að vinna að lagabreytingum til þess að koma til móts við fyrirtæki og launamenn í landinu og milda höggið fyrir íslenskt efnahagslíf.

Þann 21. mars sl. kynntu stjórnvöld efnahagsaðgerðir í 10 liðum vegna COVID-19. Aðgerðirnar eru settar fram með þrjúþættum tilgangi: 1) Varnir, til að koma í veg fyrir viðtækt atvinnuleysi og fjölda gjaldþrota fyrirtækja, 2) Vernd, til stuðnings við einstaklinga og fjölskyldur og 3) Viðspyrna, til að bæta efnahag, vöruviðskipti og fjárfestingar. Aðgerðir stjórnvalda eru í eftirfarandi 10 liðum:

Yfirlit yfir aðgerðir íslenskra stjórnvalda

1. Hlutastarfaleið	6. Heimild til úttektar séreignarsparnaðar
2. Ríkisábyrgð á brúarlánum til fyrirtækja	7. Viðspyrna fyrir ferðaþjónustu
3. Frestun og afnám skattgreiðslna	8. Endurgreiðsla virðisaukaskatts vegna framkvæmda
4. Laun í sóttkví	9. Greitt fyrir innflutningi
5. Barnabótaauki	10. Fjárfestingarátak

1. Hlutastarfaleið

- ▶ Einstaklingur sem sækir um atvinnuleysisbætur samhliða minnkuðu starfshlutfalli getur átt rétt á greiðslu atvinnuleysisbóta. Sá réttur tæki til þeirrar fjárhæðar sem nemur hlutfallslegum mismun réttar launamannsins hefði hann misst starf sitt að öllu leyti og þess starfshlutfalls sem hann gegnir áfram. Þarf starfshlutfall að hafa lækkað hlutfallslega um að minnsta kosti 20% og launamaður þarf að halda 25% starfshlutfalli að lágmarki.
- ▶ Laun frá vinnuveitanda og greiðslur atvinnuleysisbóta samanlagt geta þó aldrei numið hærri fjárhæð en 700.000 kr. á mánuði og skulu ekki nema hærri fjárhæð en 90% af meðaltali heildarlauna launamanns m.v. 3ja mánaða tímabil áður en launamaður missti starf sitt að hluta.
- ▶ Samtala launa frá vinnuveitanda og atvinnuleysisbætur skulu þó aldrei sæta skerðingu (sbr. 90% hámarkið) ef samtalan er undir 400.000 kr. á mánuði m.v. fullt starf, og skerðing skal aldrei verða til þess að samtalan fari undir 400.000 kr.
- ▶ Hér má sjá [útreikningstöflur](#) á áhrifum þessara breytinga.
- ▶ Úrræðið gildir frá 15. mars til 1. júní 2020 en ætlunin er að endurmeta það fyrir 1. júní.
- ▶ Framangreint gildir einnig fyrir sjálfstætt starfandi.



2. Ríkisábyrgð á brúarlánum til fyrirtækja

- ▶ Heimild fyrir ríkissjóð til að undirgangast ábyrgðarskuldbindingar í tengslum við samning við Seðlabanka Íslands um að bankinn veiti fyrirgreiðslu til að auðvelda viðbótarlán lánastofnana til fyrirtækja sem orðið hafa fyrir verulegu tekjutapi vegna heimsfaraldurs kórónuveiru.
- ▶ Fyrirtæki sem hafa nýtt sér úrræðið er óheimilt að greiða út arð eða kaupi eigin hluti, á meðan ríkisábyrgðar nýtur við.

3. Frestun og afnám skattgreiðslna

- ▶ Greiðslufrestur á allt að þremur greiðslum staðgreiðslu og tryggingagjalds á tímabilinu 1. apríl 2020 til 1. desember 2020, til 15. janúar 2021, að uppfylltum skilyrðum.
- ▶ Gjaldþagi á helmingi staðgreiðslu opinberra gjalda og tryggingagjalds sem var á gjaldþaga 1. mars 2020 er færður til 1. janúar 2021 og eindagi verður 15. janúar 2021.
- ▶ Heimild sett fyrir ráðherra að ákvarða með reglugerð að á árinu 2020 megi lækka eða fella niður fyrirframgreiðslu gjaldenda upp í tekjuskatt sem lagður er á á því ári vegna tekna ársins 2019 eða ákvarða aðra gjaldþaga fyrirframgreiðslna.
- ▶ Gistináttaskattur á tímabilinu 1. apríl 2020 - 31. desember 2021 fellur niður.
- ▶ Álögðum gistináttaskatti frá janúar – mars 2020 er frestað til 5. febrúar 2022.
- ▶ Sveitarfélög geti frestað gjaldþögum fasteignagjalda til seinni hluta ársins, án vaxta og innheimtugjalda.

4. Laun í sóttkví

- ▶ Heimilt er að greiða úr ríkissjóði atvinnurekanda launakostnað launamanns sem hefur sætt sóttkví, eða hafi barn í forsjá hans undir 13 ára aldri eða barn undir 18 ára aldri sem þiggur þjónustu á grundvelli laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, að frekari skilyrðum uppfylltum.
- ▶ Heimilt er að greiða launamanni launatap hafi hann ekki fengið greidd laun.
- ▶ Gert er ráð fyrir því að greiðslur ríkisins samkvæmt lögnum geti aldrei verið hærrí en 633.000 kr. fyrir hvern launamann hvern heilan almanaksmánuð. Hámarksgreiðslur fyrir hvern dag sem sjálfstætt starfandi einstaklingur sætir sóttkví eða annast barn í sóttkví nema 21.100 kr.



5. Barnabótaauki

- ▶ Greiddur verður sérstakur barnabótaauki að fjárhæð 42.000 kr. með hverju barni innan 18 ára aldurs til þeirra sem fá greiddar barnabætur eða 30.000 kr. til þeirra sem ekki eru ákvarðaðar barnabætur vegna tekjuskерðingar.
- ▶ Um er að ræða eingreiðslu sem framkvæmd verður þann 1. júní 2020.

6. Heimild til úttektar séreignarsparnaðar

- ▶ Tímabundin heimild til úttektar á séreignarsparnaði til og með 31. desember 2020.
- ▶ Mánaðarleg útgreiðsla að hámarki 800.000 kr. eða alls 12 m.kr. hámark yfir 15 mánaða tímabil.
- ▶ Tekjuskattur og útsvar eru greidd af lífeyrisgreiðslum.

7. Viðspyrna fyrir ferðapjónustu

- ▶ Áætlað er að gefa út stafræn gjafabréf til allra íbúa 18 ára og eldri sem hægt verði að nota til að greiða fyrir ferðapjónustu hér á landi.
- ▶ Gistináttaskattur á tímabilinu 1. apríl 2020 – 31. desember 2021 fellur niður. Álögðum gistináttaskatti frá janúar – mars 2020 er frestað til 5. febrúar 2022.
- ▶ Veittur verði allt að 1,5 milljarður króna vegna undirbúnings á alþjóðlegu markaðsátaki.
- ▶ Markaðsátaki verður hleypt af stökunum erlendis þegar aðstæður skapast til þess að kynna Ísland sem áfangastað, auk átaks til að hvetja til ferðalaga Íslendinga innanlands.

8. Endurgreiðsla virðisaukaskatts vegna framkvæmda

- ▶ Heimild til að endurgreiða byggjendum og eigendum íbúðar- og frístundahúsnæðis 100% þess virðisaukaskatts sem þeir hafa greitt af vinnu manna á byggingarstað við byggingu, endurbætur, viðhald og hönnun eða eftirlit þess háttar húsnæðis.
- ▶ Eigendur og leigjendur íbúðarhúsnæðis geta sótt um 100% endurgreiðslu þess virðisaukaskatts sem greiddur hefur verið vegna heimilisaðstoðar eða reglulegrar umhirðu íbúðarhúsnæðis.
- ▶ Einstaklingar utan rekstrar geta sótt um 100% endurgreiðslu þess virðisaukaskatts sem greiddur hefur verið vegna vinnu við bifreiðaviðgerðir, bílasprautun (bílamálun) og bílaréttingar (bílasmíði) vegna einkabifreiðar sem ekki er nýtt í atvinnurekstri.
- ▶ Heimild til að endurgreiða mannúðar- og líknarfélögum, íþróttafélögum, björgunarsveitum og slysavarnadeildum o.fl. 100% þess virðisaukaskatts sem þau hafa greitt af vinnu manna vegna byggingar, viðhalds eða endurbóta á mannvirkjum sem alfarið eru í eigu þeirra, svo og virðisaukaskatt af þjónustu vegna hönnunar og eftirlits með byggingu slíkra mannvirkja, að tilteknum skilyrðum uppfylltum.



9. Greitt fyrir innflutningi

- ▶ Tímabundin niðurfelling á tollafgreiðslugjaldi vegna skipa og flugvéla til og með 31. desember 2021.
- ▶ Á árinu 2020 skal gildisdagur inneignarskýrslna virðisaukaskatts sem skilað er á tilskildum tíma vera sá sami og gjalddagi viðkomandi uppgjörstímabila.
- ▶ Gjaldögum aðflutningsgjalda vegna uppgjörstímabila frá mars 2020 og út árið hjá þeim aðilum sem njóta greiðslufrests á aðflutningsgjöldum verði með gjalddaga fimmta dag annars mánaðar eftir lok hvers tveggja mánaða uppgjörstímabils með heimild til færslu alls innskatts viðkomandi tímabils þótt hann hafi ekki verið greiddur.

10. Fjárfestingaráttak

- ▶ Ætlunin er að fara í sérstakt fjárfestingaráttak upp á 20 ma.kr. þar sem ráðist verður í framkvæmdir sem hægt er að flýta með áherslu á verkefni sem skapa strax ný störf þvert á samfélagið.

Samkomulag um tímabundna greiðslufresti á lánum fyrirtækja vegna heimsfaraldurs Covid-19

Til viðbótar við framangreindar aðgerðir ríkisstjórnarinnar hafa bankar, sparisjóðir og opinberir lánasjóðir gert með sér samkomulag um hvernig staðið verði að frestunum á innheimtu skulda fyrirtækja sem lenda í tímabundnum greiðsluvanda vegna heimsfaraldursins.

- ▶ Gert er ráð fyrir að þau fyrirtæki sem uppfylli tiltekin skilyrði um mat á tímabundnum greiðsluvanda muni geta frestað afborgunum af höfuðstól og greiðslu vaxta um allt að sex mánuði.
- ▶ Frestaðar greiðslur bætast við höfuðstól og samningstíminn lengist sem nemur fjölda frestaðra afborgana.

EY

Endurskoðun | Skattar | Ráðgjöf

Um EY

EY er leiðandi fyrirtæki í heiminum á sviði endurskoðunar, skatta- og lögfræðimála og ráðgjafarþjónustu. EY hefur markað sér þá stefnu að vera leiðandi á markaði og veita fyrsta flokks þjónustu sem er sniðin að þörfum viðskiptavina okkar, hvar sem er í heiminum. Við þjálfum framúrskarandi leiðtoga sem starfa saman að því að uppfylla fyrirheit okkar til allra þeirra sem hagsmuni hafa af starfsemi okkar.

EY vísar til alþjóðasamtaka fyrirtækja sem eru aðilar að Ernst & Young Global Limited. Hvert aðildarfélag er sjálfstæður lögaðili. Ernst & Young Global Limited er breskt hlutafélag með takmarkaða ábyrgð og veitir ekki þjónustu til viðskiptavina.

Ernst & Young ehf. er einkahlutafélag skráð á Íslandi, kt. 520902-2010 og er aðildarfélag að Ernst & Young Global Limited.

Ernst & Young ehf.
Borgartúni 30
105 Reykjavík

www.ey.is

© 2020 Ernst & Young ehf.
Öll réttindi áskilin



Margrét Pétursdóttir
Forstjóri

Sími: 825 2515
margret.petursdottir@is.ey.com



Guðjón Norðfjörð
Sviðsstjóri Rekstrarráðgjafar

Sími: 825 2565
gudjon.nordfjord@is.ey.com



Símon Jónsson
Sviðsstjóri Skatta- og lögfræðisviðs

Sími: 840 2008
simon.jonsson@is.ey.com



Ragnar O. Rafnsson
Sviðsstjóri Fyrirtækjaráðgjafar

Sími: 825 2545
ragnar.o.rafnsson@is.ey.com



Geir Steindórsson
Sviðsstjóri Endurskoðunarviðs

Sími: 825 2532
geir.steindorsson@is.ey.com

